

Hr. skipherra
Sigurður Steinar Ketilsson og áhöfn
Varðskipinu Þór
Reykjavíkurhöfn

Reykjavík 27. október 2011

Velkomin heim!

Ágæti Sigurður Steinar Ketilsson,

Fyrst af öllum viljum við bjóða þig, áhöfnina þína og nýja varðskipið Þór hjartanlega velkomin heim. Á meðan þið siglduð heim, þá birtist annar Þór Íslendingum í fyrsta skiptið en þann 14. október var heimsfrumsýnd tölvugerð teiknimynd um þrumuguðinn okkar. Myndin hefur hlotið fádæma lof gagnrýnenda og mun verða sendiherra okkar allra um ókomin ár.

Kvöldið sem við frumsýndum hér á Íslandi gekk yfir mikið þrumuveður um sunnan- og vestanvert landið og töldum við sem að gerð myndarinnar stöndum að þar væri kappinn sjálfur mættur til að fagna frumsýningu. Við vonum að hann láti sjá sig fljótt aftur í tilefni af komu ykkar glæsilega skips.

Þar sem þið hafið verið lengi á sjó við að flytja varðskipið Þór heim, þá langaði okkur, í tilefni af heimkomu ykkar, að færa þér og öðrum áhafnarmeðlimum tvo boðsmíða hverju á sýningu í þrívídd í kvikmyndahúsi að ykkar vali. Við vonum að ykkur líki jafnvel við þann teiknaða og það glæsilega varðskip sem þið færið heim til Íslands í dag.

Með kærri kveðju,

Hilmar Sigurðsson
framkvæmdastjóri CAOZ hf.

